

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 390 14. ágúst 1991 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef enn er óráðstafað tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þeim sem verja skal til jöfnunarframlaga, eftir að úthlutun þessara framlaga hefur farið fram samkvæmt fyrri málsgreinum þessarar greinar og samkvæmt 14. grein, er ráðherra heimilt samkvæmt tillögu ráðgjafarnefndar að jafna því sem óráðstafað er sem sérstöku aukatekjujöfnunarframlagi til þeirra sveitarfélaga sem hvorki uppfylla skilyrði fyrri málsgreina þessarar greinar um úthlutun tekjujöfnunarframlaga né skilyrði 14. gr. um úthlutun þjónustuframlaga, enda séu tekjur viðkomandi sveitarfélaga undir viðmiðunartekjum sambærilegra sveitarfélaga.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990 og öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1992.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

#### 1. gr.

#### **Skipagjald.**

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips láti ekki skoða skip sitt árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr., fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingamálastofnun ríkisins:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m á lengd . . . . .	9 100
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m . . . . .	16 600
Fyrir skip 15 m á lengd til og með 50 brl. . . . .	27 500
Fyrir skip 51 brl. til og með 100 brl. . . . .	43 300
Fyrir skip 101 brl. til og með 250 brl. . . . .	56 700
Fyrir skip 251 brl. til og með 500 brl. . . . .	97 400
Fyrir skip 501 brl. til og með 1600 brl. . . . .	146 500
Fyrir skip 1601 brl. og yfir . . . . .	159 800